Mannlífs Pósturinn

Úrslitin úr kjörkassanum

Spurt var:

Eru nýbúar vandamál á Íslandi?



Í hverju tölublaði leggur Morgunpósturinn spurningu fyrir lesendur, sem þeir geta kosið um í síma 99 15 16.

Haustfundi frestað vegna afmælis Sigurðar Blöndal ■ Söngdagskrá byggð á lögum Hauks Morthens ■ Bílastríðið byrjað ■ Össur fær að ráða

Skógarverðir og aðrir starfsmenn Skógræktar ríkisins fjölmenntu í sjötugsafmæli SIGURÐAR BLÖNDAL, fyrrum skógræktarstjóra hinn 3. nóvember síðastliðinn. Daginn áður höfðu þeir verið á árlegum haustfundi Skógræktarinnar, sem haldinn var á Hallormsstað að þessu sinni. JÓN LOFTSSON skógræktarstjóri sagðist hafa tekið upp á þeim sið að halda haustfundi eftir að hann tók við stöðunni árið 1990. Þessir fundir eru yfirleitt haldnir undir lok októbermánaðar, eða þegar nýtt fjárlagafrumvarp liggur fyrir. Að þessu sinni var fundinum frestað í tilefni af afmæli Sigurðar, svo sem flestir gætu nýtt sér fría ferð og fjölmennt í gillið. Ku veislan hafa lukkast hið besta, segir Jón hana hafa verið „alveg meiriháttar". HJÖRLEIFUR GUTTORMSSON lét sig heldur ekki vanta í veisluna og skemmti sér víst hið besta með skógarvörðunum, Sigurði og sveitungum hans…



Íslenskir áhugaleikarar eru líklega þrjóskasta tegundin sem gengur laus. Þeir berjast í bökkum og vinna þrotlausa sjálfboðavinnu við að koma upp leiksýningum í misgóðum húsum. Á laugardaginn stendur Bandalag íslenskra leikfélaga fyrir degi áhugaleiklistar á Íslandi. Þessi dagur hefur hingað til verið kallaður Bandalagsdagurinn en því er nú breytt vegna þess að það skildist hreinlega ekki, það eru svo mörg bandalög til. Þrjár frumsýningar verða í tilefni dagsins: Leikfélag Fljótsdalshéraðs sýnir söngdagskrána „Hér stóð bær" byggða á lögum sem HAUKUR heitinn MORTHENS gerði fræg, Selfyssingar sýna „Við bíðum eftir Godot", leikstjóri og þýðandi er EYVINDUR ERLENDSSON og Hugleikur sýnir nýtt leikrit eftir INGIBJÖRGU HJARTARDÓTTUR „Aldrei fór ég norður". Það verða í sjálfu sér engin eiginleg hátíðarhöld, skrúðgöngur eða eitthvað í þeim dúr, heldur áhersla lögð á að vekja athygli á störfum félaganna. Djammið bíður til 19. þessa mánaðar en þá ætlar Leikfélag Hafnarfjarðar að standa fyrir sameiginlegu dansiballi í Straumi…

Hið árlega stríð milli leigubílstjóra og sendibílstjóra er hafið og virðist ætla að fara fram með hefðbundnum hætti. Leigubílstjórar láta kærunum rigna yfir sendibílstjóra fyrir ólöglega fólksflutninga og sendibílstjórar kæra leigubílstjóra fyrir að flytja pakka. Eins og venjulega er lögreglan fljót að fara á kreik þegar leigubílstjórar kvarta og elta hina brotlegu sendibílstjóra uppi af lofsverðu kappi. Hinn hefðbundni tregi lögreglunnar við að sinna klögumálum sendibílstjóranna er að sjálfsögðu einnig enn við lýði, en þegar slíkar kærur berast virðast laganna verðir ótrúlega oft vera önnum kafnir við eitthvað allt annað. Þess má að lokum geta að töluverður fjöldi lögreglumanna dundar sér við leigubílaakstur í frítímanum en það hefur varla nokkuð með þetta mál að gera…

Í dag verður frumvarp ÖSSURAR SKARPHÉÐINSSONAR umhverfisráðherra, um breytingu á stjórnkerfi náttúruverndarmála, lagt fyrir Alþingi og væntanlega samþykkt. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að allur ríkisrekstur og stjórnsýsla náttúruverndarmála færist frá Náttúruverndarráði inn í umhverfisráðuneytið og kallast Landvarsla ríkisins upp frá því. Náttúruverndarráð mun starfa áfram sem sjálfstæður ráðgefandi aðili. Ríkið mun þó áfram fjármagna starfsemi þess. Náttúruverndarráð hefur fram til þessa verið mikill þyrnir í augum ráðherrans. Hefur hann ekki verið sáttur við að hafa stjórn þessara mála í höndum ráðsins, sem að undanskildum formanninum er skipað af einhverjum félögum úti í bæ. En nú verður sumsé breyting þar á og Össur fær að ráða…

Bong-rokk(ur)

PÓSTURINN/ALDA LÓA LEIFSDÓTTIR

Bong og hin órafmagnaða spunavél sem þó verður ekki spilað á í Sjónvarpinu á laugardag þótt plokkað verði á margt annað.

Hljómsveitin Bong í nýjum búningi stefnir á hringferð um landið í kjölfar nýrrar plötu, eða Release sem kom út á dögnunum. Fyrsta sveiflan verður tekin í 1929 á Akureyri á föstudagskvöld. Á laugardagskvöldið verður annað og nokkuð forvitnilegra uppi á teningnum en þá kemur Bong fram órafmögnuð í þætti **Dóru Takefúsa**, Konsert. Til þess að standa sig vel í stykkinu og sýna fram á hugmyndaríki, fékk hljómsveitin nokkra strengjaleikara til liðs við sig, eða réttara sagt til þess að **Eyþór Arnalds** gæti mannað sellóið sitt. Þá verður gítarúrval í meira lagi enda **Guðmundur Jónsson** sem fyrr fimur á gítarinn, **Jakob Magnússon** leikur á kontrabassa í fyrsta sinn og **Arnar Ómarsson** spilar aðallega á indijánahristur og bjuða. Þá verður gamalt fótstigið harmoníum á vegi sveitarinnar sem gefur angurværan tón og sautjándu aldar píanóið habsigord. En allt byggir á því að strengir verða plokkaðir, ekki slegnir.

Sögum fer af því að hljómsveitin hafi æft með öll herlegheitin í ónefndri blokkaríbúð hér í bænum. En hvað um það, þá stendur valið um það að horfa á Ingva Hrafn í Bingo-lottó eða Bong.

gott um helgina

Leikhús *Það eru alveg hreinar línur að ef þú mætir ekki á Kirsuberjagarðinn hjá Frú Emilíu þá þýðir ekkert að gefa sig út fyrir að vera einhver leikhúsunnandi í næsta partýi.*

Myndlist *Ásgerður Búadóttir er gift Birni Th. Hún er líka verulega góð í abstraktinu og er með sýningu í Listasafni Íslands. Og fyrst maður er kominn af stað má taka hús á Hringi Jóhannessyni í Listasafni ASÍ og í Gallerí Fold á Laugavegi.*

Popp *Vilji fólk dansa þá ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi á Hótel Íslandi á föstudagskvöldið á stórdansleik þriggja hljómsveita.*

Klassík *Caput-hópurinn verður með tónleika á Kjarvalsstöðum sem ber yfirskriftina „Stigi upp úr tilverunni". Fjórðu og síðustu tónleikarnir í tónleikaröð.*

Bíó *Mask er ein besta myndin sem er til sýninga núna og hana er að finna í Laugarásbíói.*

Sjónvarp *Stöð 2 sýnir á föstudagskvöldið hina sprenghlægilegu mynd Bleika pardusinn með Peter Sellers.*



Veðurhorfur næsta sólarhring
Austlæg átt og stinningskaldi syðst á landinu en víðast gola eða kaldi annars staðar. Þokusúld á Austurlandi og annnesjum norðanlands og skúrir suðaustanlands og vestur með suðurströndinni. Víðast léttskýjað á Vesturlandi og í innsveitum norðanlands. Hiti 2 til 8 stig.

Veðurhorfur næstu daga
Fremur hæg austan og suðaustan átt á föstudag, dálítil súld eða rigning suðaustan og austanlands en að mestu úrkomulaust í öðrum landshlutum. Á laugardag verður austan og suðaustan gola eða kaldi og dálítil rigning sunnan og suðaustanlands, en þurrt annars staðar. Hiti 3-8 stig.

Veðrið um helgina

Kjörkassinn

MORGUNPÓSTURINN hefur sett á laggirnar Kjörkassann, símsvara þar sem almenningur getur svarað brennandi spurningum dagsins í dag. Það er einfalt að taka þátt. Þú hringir í síma 99 15 16, hlustar á spurninguna og greiðir síðan atkvæði með því að ýta á 1 eða 2 á símtækinu þínu. Á sunnudaginn verður síðan talið upp úr Kjörkassanum og niðurstöðurnar birtar í mánudagsblaði **MORGUNPÓSTSINS**. Spurningin er…

Á að fræða börn um samkynhneigð í skólum?

KJÖRKASSINN 99 15 16

Greiddu atkvæði

39,90 krónur mínútan

FRÉTTAVAKTIN

Hlustum allan sólarhringinn

21900